

Mánudaginn 9. október 1950.

Nr. 167/1948. **Ákærvaldið** (Ragnar Ólafsson)

gegn

Þorvaldi Guðmundssyni (Lárus Jóhannesson).

Setudómari próf. Ólafur Lárusson
í stað hrd. Jónatans Hallvarðssonar.

Kynferðisbrot. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur verið háð framhaldsrannsókn í máli þessu. Hinn 30. desember 1949 gaf Helgi Tómasson yfirlæknir álitserð um andlega heilsu ákærða, og er niðurstaða hans þessi: Ákærði „er hvorki vanvita, geðveikur né geðveill. Kynferðislíf hans virðist ekki ónormalt, sérstaklega er ekkert, sem bendir á sadistiskar tilhneigingar“. Þá segir yfirlæknirinn enn: „Það virðist rétt hjá honum (þ. e. ákærða) að hann muni hafa algert óminni um það, sem hann kann að hafa aðhafzt nóttina 8.—9. maí 1948“, en ekki getur þetta atriði skipt máli um sakhæfi hans, sbr. 17. gr. laga nr. 19/1940.

Það þykir varhugavert að telja sannað, að það hafi verið ásetningur ákærða að koma fram samförum við kvenmann þann, sem í málinu greinir, gegn vilja hennar, þannig að um tilraun til brots samkvæmt 194. gr. hegningarlaga nr. 19/1940 sé að tefla. Þegar hins vegar er litið til vættis konunnar um athæfi ákærða, áverka á henni og annarra atvika, þeirra sem í ljós eru leidd, þá þykja nægar sönnur fram komnar fyrir því, að ákærði hafi haft þau kynferðismök, sem greinir í 202. gr. hegningarlaganna, við téða konu. Þá þykir ákærði sekur um brot samkvæmt 231. gr. sbr. 20. gr. hegningarlaganna með því að brjóta hurð að herbergi konunnar í því skyni að ryðjast þar inn.

Refsing ákærða er hæfilega ákveðin þriggja mánaða fangelsi.

Ákvæði héraðsdóms um svipting réttinda og málskostnað í héraði staðfestast.

Hæfilegt er, að ákærði greiði konunni Guðlaugu Unu Benediktsdóttur kr. 4000.00 skaðabætur.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1000.00 til hvors.

Mál þetta var upphaflega flutt í Hæstarétti hinn 7. marz 1949. Hæstiréttur krafðizt framhaldsrannsóknar. Sækjandi ritaði sakadómara næsta dag og skýrði frá kröfu Hæstaréttar. Rannsókn hófst samt ekki fyrr en 9. desember 1949, og var henni ekki lokið fyrr en 3. október 1950. Verður að víta þenna mikla drátt á málinu.

Dómsorð:

Ákærði, Þorvaldur Guðmundsson, sæti þriggja mánaða fangelsi.

Ákvæði héraðsdóms um réttindasvipting og málskostnað í héraði staðfestast.

Ákærði greiði Guðlaugu Unu Benediktsdóttur kr. 4000.00.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmennanna, Ragnars Ólafssonar og Lárusar Jóhannessonar, kr. 1000.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Sératkvæði.

hrd. Jóns Ásbjörnssonar og prófessors Ólafs Lárussonar.

Samþykkir atkvæðinu með þeirri athugasemd, að við teljum gögn þau, sem fram hafa komið í málinu, eigi geta nægt til þess, að ákærði sé talinn hafa brotið gegn 202. gr. hegningarlaganna, en að brot hans beri að heimfæra undir 217. gr. og 231. gr. sömu laga, og verði refsing ákærða tveggja mánaða fangelsi. Skaðabætur úr hendi ákærða til Guðlaugar Unu Benediktsdóttur ákveðist kr. 2000.00.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 24. sept. 1948.

Ár 1948, föstudaginn 24. september, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu réttarins af Valdimar Stefánssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 4513/1948: Réttvisin gegn Þorvaldi Guðmundssyni, sem tekið var til dóms 12. f. m.

Mál þetta er af réttvisinnar hálfu höfðað gegn Þorvaldi Guðmundssyni prentara, Skúlagötu 66, Reykjavík, fyrir brot gegn XXII. og XXV. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 1. febrúar 1920 í Reykjavík, og hefur, svo að kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

1938 17/11 Sátt: 20 kr. sekt fyrir ofhraða á bifreið.

1940 1/1 Sátt: 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1942 10/2 Sátt: 40 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.

1946 18/11 Kærður fyrir spellvirki. Lokið með loforði um skaðabóta-greiðslu til Sjálfstæðishússins, kr. 75.00.

1947 25/8 Kærður fyrir ölvun og ónæði. Látið falla niður.

Málavextir eru þessir:

Laugardaginn 8. maí s. l. kom ákærði heim til kunningja síns, Olav Martin Hansens ljósprentara, Höfðaborg 18, hér í bæ. Klukkan var þá um 15.30, og var Hansen þá undir áhrifum áfengis, en ákærði mun þá einskis vins hafa neytt. Drukku þeir síðan í sameiningu talsvert úr brennivins-flösku, er Hansen átti, þar til um klukkan 18, að þeir gengu vestur í Víkingsprent í Garðastræti 17 og héldu þar áfram drykkjunni ásamt Stefáni Björnssyni prentara, er þar vinnur, til heimilis að Sæbóli í Kópavogshreppi. Er þeir höfðu lokið þar við að drekka úr flösku Hansens, hvarf ákærði á brott og mun þá hafa haldið niður í miðbæ. Keypti hann þar flösku af brennivíni af bifreiðarstjóra einum, sem ekki er upplýst um, hver verið hefur, en hélt síðan aftur upp í Garðastræti 17 og hélt nú upp á efstu hæð hússins í þeim tilgangi að heimsækja Guðlaugu Unu Benediktsdóttur, starfsstúlku í Víkingsprenti, er þar bjó í herbergi. Kveðst ákærði hafa litið inn til Stefáns, áður en hann fór upp, og sagt honum, að hann hugðist heimsækja Guðlaugu. Er ákærði hafði yfirgefið þá Hansen og Stefán, héldu þeir heim til Hansens til að sækja þangað brennivins-flösku, er hann átti, og höfðu þeir hana meðferðis í Garðastræti 17, og fór Stefán að dunda þar stutta stund. Telur hann, að vera kunni, að þá hafi ákærði litið augnablik inn til hans.

Ákærði kveðst hafa þekkt stúlku, er bjó í herberginu með Guðlaugu Unu, og komið þar áður til að heimsækja stúlkuna, og þekktust þau Guðlaug og ákærði einvörðungu vegna þess kunningsskapar. Stúlka þessi var nú flutt úr herberginu, og kveðst ákærði hafa vitað það og nú einungis ætlað að heimsækja Guðlaugu Unu.

Kveður hún ákærða aldrei hafa komið þar fyrr í þeim tilgangi. Guðlaug Una bauð ákærða inn í herbergið, enda virtist henni það tilmæli hans. Var klukkan þá um 21. Vínflaska ákærða var nú tekin upp, og drukku þau sinn hvorn vænan „sjússinn“. Ræddust þau við um daginn og veginn,

og var ákærði í alla staði kurteis. Guðlaug telur svo ákærða hafa fengið sér annan „sjúss“, en ákærði kveðst ekki muna, hvað hvort þeirra drakk mikið, en kveðst hafa fundið vel til áfengisáhrifa, enda segist Guðlaug Una hafa séð á honum áfengisáhrif, er hann kom til hennar. Um kl. 22, að sögn Guðlaugar Unu, kom Stefán Björnsson upp í herbergið til þeirra til að sækja lykla. Fór hann strax aftur, en kom í annað sinn einhvern tíma á 23. tímanum, og var þá Hansen í för með honum. Höfðu þeir meðferðis brennivínsflöskuna, er þeir höfðu sótt. Drukku þau síðan öll áfengi og ræddust við, þar til Stefán fór, sem var fyrir miðnætti. Guðlaug Una kveðst nú hafa fengið sér annan „sjúss“ og aðeins fundið til smábreytingar af víninu, ákærði og Hansen kveðast ekki muna, hversu mikils áfengis hún neytti, en Stefán segir það hafa verið lítið og minnst þess, að hún neitaði áfengi í glas sitt. Ber öllum saman um, að ákærði hafi verið nokkuð ölvaður, en stilltur. Hansen var orðinn mjög ölvaður, og brestur nú minni hans algerlega þangað til daginn eftir. Guðlaug Una kveðst síðan hafa beðið Stefán um að ná í bifreið handa ákærða og Hansen, en Stefán segir hana aðeins hafa nefnt Hansen í því sambandi, en ekki ákærða. Málaleitan þessa heyrði ákærði ekki, þar eð þau Guðlaug Una og Stefán voru þá stödd úti á ganginum. Guðlaug Una kveður Stefán hafa jánkað þessu, en hann kveðst engu hafa svarað, og hafi Guðlaug þá sagt, að það gerði ekkert til. Að svo búnu hvarf Stefán á brott. Ákærði kveður Guðlaugu Unu nú hafa beðið sig að ná í bifreið handa Hansen, en ekki minnst á, að hann færi einnig burt í bifreiðinni. Guðlaug Una kveðst hafa búizt við, að þá færi ákærði einnig með honum. Reis nú Hansen á fætur og var óstöðugur. Fóru hann og ákærði síðan fram á ganginn, þar sem þeir lentu í stypingum. Sló ákærði m. a. til Hansens, svo að hann féll. Ekki sá Guðlaug Una þá slást, en heyrði hávaða í þeim. Fóru þeir síðan báðir út úr húsinu.

Kveðst ákærði nú hafa reynt að ná í leigubifreið, en ekki tekizt, og hélt liann því næst aftur upp til Guðlaugar Unu, og var þá komið fram yfir miðnætti. Röbbuðu þau saman, og dreypti ákærði á víninu, sem hafði orðið eftir hjá Guðlaugu Unu, og man hann ekki, hvort hún neytti nokkurs af því, en hún kveðst einskis hafa neitt. Ekki kveðst ákærði muna, vegna ofurölvunar, hvað þau töluðu eða hvað skeði eftir þetta.

Guðlaug Una hefur borið það, að ákærði hafi farið úr jakkanum, þar eð honum hafi fundizt heitt, og beðið sig að koma yfir á divan, sem í herberginu var, en þau sátu á stólum sitt hvoru megin við borð. Ekki kveðst hún hafa svarað því neinu og ekki hreyft sig. Hafi ákærði þá fært hendur hennar aftur fyrir bak, dregið hana að divaninum, lagt hana þar, reynt síðan að kyssa hana, lagzt ofan á hana og reynt að komast milli fóta hennar. Kveðst hún hafa beitt allri þeirri mótspyrnu, er hún gat, og hrópað upp, en ákærði þá slegið hana á ennið með hægri hnefa sínum. Því næst, segir hún, að sér hafi tekizt að losna og ganga fram fyrir þröskuldinn, þar sem hún kallaði á Jónas Sveinsson bókbindara, er leigir herbergi á sömu hæð, en hann hefur þá ekki vaknað, sbr. vitnisburð hans í málinu. Næst kveður hún ákærða hafa komið og kippt sér inn fyrir

aftur og hóttað að drepa hana, ef hún reyndi að hrópa á hjálp, aflæst dyrunum og stungið lyklinum í vasa á jakka sínum, er hékk á stól. Þá kveður hún ákærða næst hafa klætt sig úr utanyfirbuxunum og nærbuxunum, en ráðizt síðan á sig, þar sem hún stóð við borðið, dregið sig að divaninum og lagt hana þar. Hafi hann nú flett kjólnum upp um hana og reynt hvað eftir annað að færa hana úr buxunum, en hún streitzt á móti af alefli, svo að honum tókst ekki að koma þeim lengra niður um hana en rétt niður fyrir hné. Þá hafi ákærði lagzt ofan á hana og reynt tvisvar að koma getnaðarlim sínum inn í kynfæri hennar, en ekki tekizt sökum mótstöðu hennar. Hafi hún þá hrópað upp, er þetta skeði, en ákærði gripið með hönd sinni tvisvar sinnum fyrir kverkar hennar og kvaðst mundu drepa hana, ef hún gæfi frá sér hljóð. Hafi hann sagt það tvisvar sinnum, en hún æpt engu að síður. Nú hafi ákærði gripið tréskrín, sem staðið hafi á rúmfatakassa við divaninn, og lostið hana með því á hægri auga. Kveðst Guðlaug Una minnst þess, að ákærði hafi tvisvar haft þau orð, að hún slyppi ekki, fyrr en samfarir hefðu átt sér stað.

Eftir höggið virtist Guðlaugu Unu, að ákærði færi heldur úr þeim ham, sem hann hafði verið í, og kveðst hún nú hafa beðið hann að mega ná sér í vatn að drekka, en það hafi hann leyft og sleppt henni. Virtist henni nú ákærði dotta. Því næst hafi hún gripið lyklana úr jakkavasa ákærða og tekizt að fá hann til að færa sig í buxurnar, en hann beðið hana um vatn að drekka. Kveðst Guðlaug Una hafa sagt honum, að hún hefði ekkert vatn í herberginu, en fengið honum glas og sagt honum, að fara niður og ná sér í vatn. Hafi hann þá horfið út um dyrnar, sem hún hafði áður opnað með glasið, en hún kastað jakka og frakka ákærða á eftir honum og síðan læst hurðinni.

Ákærði hafi komið aftur og heimtað, að hún opnaði, þar eð húfa hans væri ennþá inni í herberginu. Ekki kveðst hún hafa þorað það, en bent honum á að sækja húfuna síðar. Þá hafi ákærði hóttað að brenna hana inni, ef hún opnaði eigi, ráðizt síðan á hurðina og barið hana með einhverjum hlut. Reyndist hlutur þessi vera rúmlega $\frac{1}{2}$ meters löng járngrind, sem höfð er undir formum, sem blý er steipt í, og hafi grindin verið geymd á ganginum. Hafi þá fjöl í hurðinni brotnað og hún kastað húfunni út til hans, en hann haldið síðan á brott. Guðlaug Una kveðst daginn eftir hafa legið rúmföst sakir meiðsla, sem hún hafi fengið af völdum ákærða um nóttina.

Guðlaug Una Benediktsdóttir hefur staðfest framburð sinn í málinu með eiði.

Hinn 10. maí síðastliðinn fór Guðlaug Una til Kristins Björnssonar lækis, Ránargötu 21, hér í bæ, út af meiðslunum. Hefur hann vottað í málinu, að Guðlaug Una hafi þá verið með glóðarauga hægra megin allt í kringum augað, en augað sjálft verið óskemmt að sjá. Baugfingur vinstri handar hennar verið svolítið þrútin um miðlið og örlitlar smáskrámur hafi sézt á handleggjum hennar. Hún hafi kvartað, að því er hann minnir, undan einhverjum stirðleika í handleggjum, en hann hafi ekki getað séð, að hún væri „chokkeruð“.

Ákærði hefur haldið fast við það, að hann hafi orðið svo ölvaður í herbergi Guðlaugar um nóttina, að hann hafi hætt að muna, hvað skeði. Hann muni þó óljóst eftir einhverjum hávaða, þegar hann hafi ennþá verið hjá Guðlaugu Unu, en hann muni ekkert nánar um hávaðann, hvaðan hann kom eða hvað olli honum, hvort það hafi verið brothljóð eða hróp eða einhver annars konar hávaði. Næst kveðst hann hafa munað eftir sér, þegar hann vaknaði í rúmi sínu heima hjá sér á Skúlagötu 66 um hádegi daginn eftir. Var hann þá með dálitla skinnsprettu á enni, og kveðst hann ekki vita, hvernig hann fékk hana. Hinn 11. maí s. l. athugaði héraðslæknirinn í Reykjavík skrámana. Hefur læknirinn vottað það, að skráman hafi verið á enninu milli augnabrána, tæpir 2 cm á lengd, en hér um bil 1—2 mm á breidd, og hafi skráman eftir lögun sinni og útliti getað vel verið eftir nögl, þó að ekki sé hægt að fullyrða um það með vissu.

Á efstu hæð hússins Garðastræti 17 bjuggu auk Guðlaugar Unu á þessum tíma Helgi Kristján Andrésson starfsmaður í Harðfisksölunni, og Jónas Sveinsson bókbindari.

Hefur Helgi Kristján borið það, að umrædda nótt hafi hann vaknað við hávært samtál manns og konu á þakhæðinni. Kveður Helgi Kristján sig hafa heyrt, að konan var Guðlaug Una, en manninn kannaðist hann ekki við. Hafi hann heyrt manninn hrópa til Guðlaugar Unu að afhenda honum jakka sinn og húfu og hafi sér skilzist, að þessir munir væru inni í herbergi hennar, en Guðlaug Una svarað, hvað þessi læti ættu að þýða. Heyrði Helgi Kristján, að maðurinn bankaði hvað eftir annað á hurð Guðlaugar Unu, en hún hafi ekki opnað. Síðan hafi þau talað eitthvað saman, en hvað það var, veit Helgi Kristján ekki. Því næst heyrði hann, að verið var að berja á hurðina, og heyrði hann hana brotna. Þá heyrði vitnið Guðlaugu Unu segja: „Hvaða helvítis læti eru þetta?“ Eftir þetta kveðst Helgi Kristján ekkert hafa heyrt og fór aldrei fram úr rúminu, heldur sofnaði aftur. Helgi Kristján kveður herbergi Guðlaugar Unu vera um 2—3 faðma frá herbergi sínu, hinum megin á gangi, en herbergi Jónasar beint á móti á gangi.

Jónas Sveinsson hefur borið, að hann hafi farið að sofa laust fyrir miðnætti, en rétt áður hafi hann heyrt, að einhverjir karlmenn voru staddir hjá Guðlaugu Unu. Ekki kveðst vitnið vita, hvað talað var. Einnhverntíma um nóttina kveðst hann hafa vaknað við það, að karlmaður var að berja með einhverjum hlut á hurðina hjá Guðlaugu Unu, en veit ekki, hvort hurðin hafi brotnað. Kveðst Jónas hafa heyrt Guðlaugu og karlmanninn tala eitthvað saman, en hvað þeim fór á milli, veit hann ekki. Þó skildist Jónasi, að karlmaðurinn vildi komast inn til Guðlaugar Unu. Ekki kveðst Jónas hafa farið fram úr rúminu, heldur sofnað strax aftur.

Tveimur dögum eftir umræddan atburð fór athugun fram á hurð þeirri, sem er í herbergi Guðlaugar Unu Benediktsdóttur í Garðastræti 17. Var þá auðséð, að „fyllingin“ í miðri hurðinni hafði verið brotin alveg úr, og

voru víða för á hurðinni eftir járnstykki. Inni í herberginu var ekkert brotið.

Upplýst er í málinu, að ákærði var einn með Guðlaugu Unu Benediktsdóttur í herbergi hennar í Garðastræti 17 umrædda nótt. Hann var með skrámu á enninu, þegar hann vaknaði heima hjá sér daginn eftir, sem hann veit ekki, hvernig hann fékk. Guðlaug Una var með glóðarauga, smáskrámur á handleggjum og annar baugfingur hennar svolítið þrotinn. Þá hafði fyllingin í miðri hurð að herbergi hennar verið brotin alveg úr og för víða í hurðinni eftir járnstykki. Þykja þessi atriði ásamt framburðum Helga Kristjáns Andréssonar og Jónasar Sveinssonar styðja svo mjög eiðfestan framburð Guðlaugar Unu, auk þess sem ekkert hefur komið fram, er dregur úr sannleiksgildi hans, en ákærði hefur á hinn bóginn ekkert getað borið um málavexti, að leggja verður framburð hennar til grundvallar í málinu um hegðun ákærða gagnvart henni í umrætt skipti. Samkvæmt því verður að telja, að nægilega sé sannað, að ákærði hafi reynt að þröngva Guðlaugu Unu til holdlegs samræðis með ofbeldi, sem varðar við 194. gr., 1. mgr., sbr. 20. gr., 1. mgr., almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940, svo og haft í frammi við hana slíka hótun, sem 233. gr. sömu laga tekur til. Þykir refsing ákærða eftir öllum atvikum hæfilega ákveðin fangelsi 6 mánuði.

Samkvæmt 68. gr., 3. mgr., hegningarlaganna ber að svipta ákærða kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga frá birtingu dóms þessa að telja.

Guðlaug Una Benediktsdóttir hefur krafizt þess, að ákærði verði dæmdur til að greiða henni kr. 5000.00 í bætur fyrir meiðsli þau, er hún hlaut, og miska þann, sem hún hafi orðið fyrir vegna atferlis ákærða. Kveðst hún hafa verið slöpp á taugum, síðan umræddur atburður skeði, og muni hún ekki vera búin að ná sér að fullu. Ákærði hefur ekki fallizt á greinda skaðabótakröfu, en þar eð hún þykir samkvæmt framansögðu rökstudd og sanngjörn, verður hún tekin til greina að öllu leyti. Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns í málinu, Lárusar Jóhannessonar hæstaréttarlögmans, kr. 500.00.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Dómsorð:

Ákærði Þorvaldur Guðmundsson sæti fangelsi í 6 mánuði.

Ákærði er frá birtingu dóms þessa sviptur kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Ákærði greiði Guðlaugu Unu Benediktsdóttur kr. 5000.00 innan 15 sólarhringa frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Lárusar Jóhannessonar hæstaréttarlögmans, kr. 500.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.